



Austurkór

---

*SJÁLFSMATSSKÝRSLA  
ÁGÚST 2019-JÚNÍ 2020*

# Efnisyfirlit

---

Inngangur

Mat á símenntunaráætlun

Mat sérkennslustjóra

Mat sérgreinastjóra

# Inngangur

---

Megin tilgangur þessarar skýrslu er samantekt á upplýsingum og upplifun á skólaárinu 2019-2020. Unnið er svo áfram með þessi gögn í ársáætlun næsta skólaárs (umbótaáætlun). Þessar upplýsingar koma fyrst og fremst frá endurmati (formlegu og óformlegu), starfsmannasamtölum, fundum o.fl. og ná einungis að litlu leyti yfir það starf, faglegar ákvarðanir og stefnumótun sem á sér stað í Austurkór. Því hér ríkir sú menning að best sé að bregðast við skekkjum og hnökrum í skipulagi sem fyrst – svo að smá mál verði ekki að stórmálum.

Ýmsar skoðanakannanir voru lagðar fyrir starfsmanna- og foreldrahópinn varðandi ýmsa þætti skólastarfsins. Flestar af þeim voru framkvæmdar af stjórnendum skólans s.s. endurmat á aðlögun, endurmat á námslotum, endurmat á námsþættinum „Sköpun og Menning“ en starfsmannakönnun var lögð fyrir af Menntasviði og sá Skólapúlsinn um þá framkvæmd.

Starfsmannasamtöl voru framkvæmd með nýju sniði í ár og hélt næsti yfirmaður utan um samtalið (deildastjórar – starfsfólk deilda o.s.frv.). Uppsetning samtalanna byggðist á markþjálfunarverkfærinu GROW og fengu stjórnendur námskeið hjá Kvan til að læra fyrirlögn. Einnig var stuðst við VIA-styrkleikapróf.

Foreldrasamtöl voru 1 á hvorri önn en vegna Covid – 19 fóru einhver samtöl fram með fjarfundarsniði.

Elstu börnin komu að endurmati á skipulagi þeim tengdum og ýmsum uppákomudögum.

# Mat á símenntunaráætlun

---

Heilt á litið stóðst símenntunaráætlun þrátt fyrir mjög einkennilegt skólaár. Fagfundir voru færri en áætlun gerði ráð fyrir en skrítni Covid-tíminn (þegar fjöldatakmörkanir voru í barnahópnum) nýttist til faglegrar umræðu og skólaþróunar (á bakvaktardögum). Nýliðafræðsla var í ár eingöngu í höndum Menntasviðs en uppfærð móttökuáætlun nýrra starfsmanna kom vel út og var ánægja með skipulagið bæði hjá nýliðum og mentorum (deildarstjórum). Fyrirlestur Svövu Bjargar Mörk um Barnasáttmála SP og Reggio Emilia féll niður vegna frestunnar á skipulagsdegi í mars. Ukulele-kennsla fyrir starfsfólk fór ekki af stað en önnur námskeið og fyrirlestrar héldust.

Deildarstjórar fóru reglulega á námskeið á vegum Menntasviðs og leikskólastjóri fór í velheppnaða náms- og kynnisferð með sínum kollegum í lok september.

Fastanefndir voru misvirkar í vetur og bar Heimsmarkmiða-nefndin af í þeim efnum. Hún gerði gangskör í flokkunarmálum skólans m.a. eftir að hafa farið í kynnisferð í aðra leikskóla. Einnig hefur orðið ákveðin viðhorfsbreyting í innkaupum t.d. vilji til að minnka kaup á plastleikföngum, geymsluílátum o.fl. og kaupa frekar hluti úr náttúrulegum efnivið.

Föstudagsfræðslan var á sínum stað í skipulaginu og var aðaláherslan á að starfsmannahópurinn væri þátttakendur í stað þess að vera hlustendur. Fræddumst við m.a. um könnunarleikinn, einingarkubba og þróun byggingarleiks, rímur og þulur í þróun hljóðkerfisvitundar, Reggio Emilia o.fl.

Símenntun er mikilvægur þáttur í starfsþróun hvers og eins starfsmanns og hefur áhrif á skólaþróun Austurkórs. Stjórnendur hafa alltaf reynt að skapa svigrúm fyrir símenntun og hvatt starfsfólk til að nýta sér þau fjölmörgu námstilboð sem standa til boða. Stundum tekst það og stundum ekki.

# Mat sérgreinastjóra

---

Markmið okkar fyrir skólaárið var að halda áfram að dýpka starf okkar í Reggio Emilia hugmyndafræðinni. Hér verður stiklað á stóru hvað var gert og hvernig gekk.

Í vetur hafa Kennarþingin verið fjölbreytt á milli deilda og hafa þau oft þróast í skemmtilegar og óvæntar áttir. Það er ánægjulegt að sjá hvað börnin hafa þjálfast í þeim vinnubrögðum sem fylgja kennarþingum og lýðræðislegri hugmyndavinnu. Okkar sýn er að það skapist hefð fyrir því að í upphafi hvernar lotu fari kennarar og börn í hugmyndavinnu saman. Að kennarar fari yfir með börnunum heiti lotunnar, þýðingu orðsins og kjarna þess. Að þau geri hugarkort og út frá því ákveði saman verkefni fyrir kennarþingin. Í þessu ferli væri kjörið tækifæri fyrir börnin að hafa áhrif á það sem þau vilja rannsaka, skoða og reyna. Ein deild af fjórum á Austurkór er núna á öðrum vetri að vinna eftir svona fyrirkomulagi en hinar deildarnar hafa í vetur verið að fíkra sig í áttina að þessu marki.

Vegna aldursblöndunar á deildum hafa yngri börnin tækifæri til að spegla sig í þeim sem eldri eru og er það ánægjulegt að sjá hvað þau eru fljót að tileinka sér og taka þátt. Sérgreinastjóri hefur oft heyrt í vetur hvað yngri börnin séu orðin örugg og leggi til margar hugmyndir. Sem segir okkur að þau finni sig örugg með að tjá hugmyndir sínar og á þau sé hlustað, alveg eins og við viljum hafa það.

Við viljum þróa okkur og efla í uppeldisfræðilegum skráningum. Það vantar talsvert upp á að við setjum okkur meðvituð markmið með skráningunum og gefum okkur tíma til að ígrunda þær. Með því gætum við nýtt skráningarnar sem tæki til að gera nám og námsferli barna sýnilegri. En það sem við viljum varast er að gera skráningarnar að skyldu-afurð í lotulok.



Í Kennaraþingum hafa verkefnið orðið dýpri og varið í lengri tíma. Við erum enn að þjálfast í samræðum og ígrundun verkefna en erum á góðri leið. Í Sjálfstýrandi þingum hefur borið á því að verkefnið sem boðið er upp á hafi ekki verið nægilega markviss og í nógum tengslum við verkefni Kennaraþinga. Þarna þurfum við að taka okkur á og gera sjálfstýrandi þingin að því námstæki sem þau eiga að vera.

Í vetur tókum við upp nýtt fyrirkomulag: Krakkaflæði. Þar koma saman börn af tveim deildum eftir hvíld og geta þau kosið um útivist, nokkrar inni-stöðvar, fara í listasmiðju eða sögustund inn á rauða-gangi. Þessi nýjung var virkilega góð viðbót og var ekki annað að sjá en börnin séu hæstánægð með þetta fyrirkomulag.

Í tilefni af 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna settum við upp sýningu í Smáralind ásamt öðrum leikskólum Kópavogsbæjar. Þar sýndum við hugarkort þar sem markmið okkar var að greina hvernig Barnasáttmálinn birtist í leikskólanum Austurkór. Við tókum þær efnisgreinar úr Barnasáttmálanum sem okkur fannst eiga við í leikskólastarfi. Við efnisgreinarnar tengdum við myndir, myndbönd (QR kóða) og texta sem eru lýsandi fyrir það hvernig sú grein birtist í starfinu okkar. Þetta hugarkort gaf okkur skýra sýn á það hvar Barnasáttmálinn birtist í leikskólanum, hvar styrkur okkar liggur og hvað má betur fara. Á þessari sýningu sýndum við líka verk barna sem okkur fannst lýsandi fyrir einstaklingsmiðaða úrvinnslu á verkefni, sjálfstæða efnismeðferð og vinnubrögð. Verkefnið gekk vel hjá okkur en að mínu mati hefði allt utanumhald og skipulag sýningarinnar mátt vera talsvert betra af hálfu Kópavogsbæjar.



Í desemberbyrjun færðum við opinn efnivið úr listasmiðjunni, lögðum undir okkur deild sem hefur verið lokuð um tíma og settum upp jólasmiðju. Þarna gátu börnin komið með kennara sínum og gefið hugmyndafluginu lausan tauminn. Börnin komu oft og flest vildu helst gera margar gjafir. Þarna urðu til dásamleg og einstök listaverk sem rétt fyrir jól voru innpökkuð og fóru heim með stoltum börnum. Allt ferlið var skráð, frá því að hugmynd kviknaði þar til gjöfin var fullunnin. Skráningin fylgdi síðan gjöfinni heim sem sérgreinastjóri veit til að foreldrum þótti ómetanleg viðbót, að fá að lesa um vangaveltur barnanna og sjá myndir af vinnuferlinu. Þarna náðu allar deildir svo sannarlega að vinna í anda Reggio Emilia hugmyndafræðinnar og mega vera stolt af. Í fyrstu heyrðust nokkrar efasemdarraddir um hvort yngstu börnin sem varla voru farin að tjá sig gætu haft skoðanir og getu til að gera jólagjafir fyrir foreldra sína. Það er mat sérgreinastjóra að allir sem komu að jólagjafagerðinni með þeim yngstu eigi varla eftir að snúa til baka og láta þau gera fyrirfram-kennara-ákveðnar jólagjafir.

Margt hefur áunnist hjá okkur í Austurkór og á öðru þarf að skerpa. En við erum á réttri leið og ef við höldum áfram að stilla saman strengi, endurmeta og skoða þá erum við í góðum málum. Hver sigur varðar leiðina að því að verða sá Reggio skóli sem við viljum vera.

# Mat sérkennslustjóra

---

Skólaárið 2019-2020 var sérkennsla á fjórum deildum leikskólans. 23 börn fengu sérkennslu samkvæmt 3. og 4. flokki eða vegna slakrar niðurstöðu á Hljóm-2 og 1 samkvæmt 2. flokki. Stöðugildi vegna sérkennslu voru 1,9. Kennslan fór ýmist fram í daglegu starfi deildanna, í vinnu með einstaklingum og í fámennum hópum utan deilda.

Sérkennslan hefur verið mönnuð hæfileikaríku fólki í vetur en á vorönn hefur það fengið færri tækifæri til að sinna sínu og þurft að leysa af á deildum vegna fjarvista starfsfólks. Margrét og Ágústa talmeinafræðingar hafa leiðbeint um framburðarþjálfun fyrir börn sem falla undir viðmið menntasviðs um slíka þjálfun en vegna Covid féll þjálfunin niður um tíma.

TEACCH og atferlisþjálfun eru þær þjálfunarleiðir sem helst hafa verið notaðar auk snemmtækrar íhlutunar í málörvun.



# Mat leikskólastjóra

---

Gagnaöflun í þessa sjálfsmatsskýrslu fór fram með ýmsu móti s.s. samtöl, fundir, niðurstöður kannanna o.fl. Við nýttum tækifærið í Covid19 fárinu á vorönn og endurmátum eitt og annað í dagskipulaginu og starfinu almennt. Í framhaldinu voru skekkjur lagaðar og umbætur gerðar. Það skiptir sköpum fyrir framþróun skólustarfsins okkar að starfsmannahópurinn eigi hlutdeild í stefnumótun og endurmati og erum við dugleg að finna leiðir til þess að það megi verða. En stundum eru verkefni of mörg og tíminn allt of naumt skammtaður til að ná niður í botn í fagumræðunni og þurfa stjórnendur að gæta sín á því að ætla hópnum ekki of mikils. Á deildar-, deildarstjóra, starfsmannafundum og skipulagsdögum eru áætlanir og skólustarfið endurmetið jöfnum höndum. Námssviðið „Sköpun og menning“ var endurmetið og umbótaáætlun unnin í kjölfarið á niðurstöðum þess en jafnframt var kíkt yfir umbótaáætlun þess námssviðs sem endurmetið var árið á undan og kannað hvort allt væri komið til framkvæmdar (en svo reyndist ekki vera). Í framhaldinu af þessari vinnu gerðu deildarnar starfsáætlun þar sem umbótum og ábyrgðaraðilum voru gerð betur skil miðað við fyrri ár.

Í vetur var unnið að því að yfirfara skjöl og önnur gögn og vista í „skýinu“ og leiddi sú vinna til þess að eitt og annað var hreinsað upp, kjarnað og jafnvel eytt. Sá verkefnastjóri um þessa vinnu og gerði jafnframt skýr og skilmerkileg myndbönd um vörslu tölvugagna þannig að nú á ekki að vera til fleiri fleiri eintök af sama skjali og auðvelt á að vera fyrir starfsmannahópin að finna það sem til er. Hún fór einnig yfir og endurbætti ýmsa verkferla og uppfærði sameiginleg skjöl.



Líkt og árið á undan voru deildarnar Perla og Dyngja lokaðar þar sem ekki tókst að ráða kennara í deildarstjórstöður en þessi rými voru nýtt með ýmsum hætti í skólastarfinu og gæddu það auknum gæðum sbr. Jólasmíðjan í desember. Við gerðum jafnframt breytingar á dagskipulaginu með þessi rými í huga og til að nýta mannauðinn í starfsmannahópnum frekar. Þessa breytingu kölluðum við „Krakkaflæði“ og er nú 3svar sinnum í viku eftir hádegi í staðinn fyrir „Krakkaþing“ en í grunninn er námsaðferðin sú sama – frjálsi leikurinn í forgrunni. Í stað þess að leikurinn fari fram inni á deild og á útisvæði þá „flæða“ börnin á milli deilda á sama gangi/útisvæði/svæði á Dyngju og/eða listasmíðju. Rannveig Jóna leikskólakennari heldur utan svæðið á Dyngju með áherslu á málörvun, tónlist og framsögn og Ingibjörg sérgreinastjóri er í listasmíðjunni. Þessi breyting tókst mjög vel og verður útfærð enn frekar á næsta skólaári.

Aðlögun var ansi dreifð yfir skólaárið og voru áætluð 20 börn inná þær 4 deildar sem starfandi eru en mikið var um flutninga úr og í hverfinu. Einnig var biðlistinn þannig samsettur að lítið var um aldursdreifingu og flest börnin á öðru ári. Leiddi það til þess að aldursbreiddin í barnahópnum var meiri – 1-5 ára og til að mæta þörfum allra voru gerðar ýmsar breytingar í starfi og skipulagi s.s. samstarf deilda í hvíldinni, könnunarleikurinn var innleiddur fyrir yngstu börnin á meðan þau eldri voru í krakkaflæði o.fl. Við í Austurkór erum óhrædd við að finna leiðir saman til að bæta skólastarfið og koma til móts við þarfir barnanna og viljum ekki festa okkur í skipulagi sem styður ekki við okkar (síbreytilegt) skólasamfélag og barnssýn.

Samvinna og lausnamiðað viðhorf starfsfólksins er það sem skiptir mestu máli í því hve vel breytingarnar takast og hjálpar aukin stöðugleiki í starfsmannahópnum mikið til við að láta hjólin snúast. Sérkennslan var í fyrsta sinn „rétt“ mönnum og bættust þrír starfsmenn í „5 ára starfsafmælis-hópin“ þetta árið. Langtímaveikindi settu vissulega strik í stöðugleikann – einkum á haustönn en þá t.d. slösuðust 3 starfsmenn í umferðinni á leið til vinnu og voru fjarverandi í mislangan tíma. Skammtímaveikindi voru svipuð og árið á undan en það hjálpar stjórnendum að halda yfirsýn yfir þau með nýju verklagi tengdu [Bradfordkvarðanum](#).



Nýtt skipulag var gert vegna undirbúningstíma sem leiddi til þess að þeir dattu síður niður vegna t.d. mannekle. Breytingar urðu í stjórnendahópnum um tíma þegar að nýr aðstoðarskólastjóri kom til starfa í desember en það var stutt stopp og var leikskólastjóri án aðstoðarskólastjóra nær allan hluta skólaársins og má segja að sérkennslustjóri hafi verið að hluta í stöðu aðstoðarskólastjóra sem var mikill stuðningur fyrir leikskólastjóra. Faghópurinn er vaxandi og bættist einn leikskólakennari og einn tómsundafræðingur við hópinn sem og nemum fjölgaði – 2 starfsmenn fóru í leikskólaliðanám í Borgarholtsskóla og 2 í leikskólakennarafræði – annar í HÍ og hinn í LHÍ.

Vorönnin fór ágætlega af stað – enn var eitthvað um langveikindi og breytingar urðu í starfsmannahópnum af þeim sökum sem og vegna starfsloka. Vel gekk að manna lausar stöður eins og árið á undan og sýndi endurbætt móttökuáætlun gildi sitt bæði fyrir nýliðann og mentorinn. Svo kom Covid- 19 og þá kom fyrri krísustjórnunarreynsla stjórnenda sér vel sem og lausnamiðað og jákvætt viðhorf starfsmannahópsins. Á einum degi var búið að endurgera skólastarfið m.a. skipting starfsmanna- og barnahópsins í rými og A/B vaktir (kom sér vel að vera með lausar deildar). Börnin mættu til skiptis – 2 daga í senn með sínum kennurum en bakvaktin mætti á sitt svæði og var í undirbúning o.fl. Lögðu allir sig fram við að láta þessar miklu breytingar verða sem auðveldastar fyrir börnin og telja stjórnendur að sú mikla samvinna sem ríkir í skólanum hafi gert átt stóran hlut í því hve vel tókst til. Börnin þekktu kennaranna sem og hvort annað óháð deildum. Bakvaktirnar unnu að endurmati, undirbúningi, gerð námsefnis, net-foreldraviðtöl o.fl. og voru haldnir mikilvægir fundir þar sem kafað var í starfsaðferðirnar og skipulagið. Í maí urðu svo tilslakanir og deildarnar komu saman á ný – en með nýjum áskorunum eins og aðkomu foreldra í útskrift og að koma og fara. Sú góða vinna sem komin var vel af stað varðandi heimsmarkmiðin og aukna flokkun rann dálítið út í sandinn vegna sóttvarna og þurftum við t.d. að taka upp pappírspurrkur í stað þvottastykkja. En svona er bara lífið. Alltaf fullt af ævintýrum og áskorunum.



Í ár útskrifuðust 21 barn og eins og áður þá voru ákveðnir starfsmenn í hlutverki keflishaldara elstu barna starfsins og báru ábyrgð á þróunarverkefninu „Blær brúar bilið“, sáu um kórinn sem bar heitið „Pabba-knús-kórinn“ að þessu sinni eftir lýðræðislega kosningu, Gaman Saman – stundirnar o.fl. Hópurinn komst í útskriftarferð í Vatnaskóg þrátt fyrir Covid-19 og formleg útskrift var haldin í Salnum því þangað máttu foreldrar koma og auðvelt var að halda 2 metra regluna. Samstarfið við Boðaping var í lágmarki vegna faraldursins og þurfum við að hugsa nýjar og hættuminni leiðir á meðan við megum ekki hittast augliti til auglitis.

Samstarf við aðra skóla og stofnanir var eins og fyrri árin, til fyrirmyndar og alltaf er vilji til að aðstoða, fræða og peppa þegar leitað er til ráðgjafa og kollega. Foreldrasamstarf gekk einnig vel og voru fleiri fundir haldnir til skrafs og ráðagerða, einkum vegna sérkennslunnar. Foreldrasamtöl voru eitt á hvorri önn en ekki tókst okkur að bjóða upp á „loka-samtal“ með foreldrum og útskriftarnemanda eins og var á dagskránni í maí/júní.

Endurbætur og viðgerðir voru nokkrar á skólaárinu og því miður eru það oft sömu hlutirnir sem þurfa lagfæringar aftur og aftur s.s. gólfdukar, klemmuvarnir, gólfhitakerfi og girðing á útisvæði. Nokkrir veggir fengu nýja málningu en komin er tími á andlitslyftingu í langflestum rýmum skólans. Endurbætur voru gerðar á gluggum inni á deild og eitt og annað hengt upp og fest. En þetta árið kom það í tvígang fyrir að reykur/eldur myndaðist í veggglósum á göngum skólans og var brugðið á það ráð að taka strauminn af ljósunum svo að ekki hlytist af þeim stórbruni. Nýr ljósgjafi þarf að koma í þeirra stað þegar dagana fer að styttast og myrkrið verður meira.

Slys á börnum eru nú skráð í miðlægt kerfi sem nefnist Atvik en af þeim slysum sem urðu voru fall- og klemmuslys algengust.

# Samantekt

---

Það er langt frá því að þessi skýrsla sé tæmandi um skólastarfið í Austurkór heldur hefur verið stiklað á stóru í þessari upptalningu. Þó að við séum alltaf að leitast við að hægja á okkur og njóta þess að gera eitt í einu í anda slow-education hreyfingarinnar þá eru aðstæður margbreytilegar bæði í okkar skólasamfélagi sem og í samfélaginu í heild. Heimsfaraldurinn sem breytti plönunum á vorönn hafði einnig þau áhrif hjá okkur að við gátum horft dýpra inn á við – og fundum við í sameiningu út að nú væri tímabært að skipta aðeins um fókuspunkt. Að fagmennsku-fókusinn ætti að fá meira svigrúm og praktíski/stefnumótunar-fókusinn gæti farið að víkja samhliða því. Nú væru hjólin farin að snúast án mikils handafls og næsta stig í skólaþróuninni sé að skoða nánar hvernig þau snúast. Þegar starfsáætlunin var endurmetinn í júníbyrjun var eitt og annað sem vinna þarf frekar í á næsta skólaári og verða sett fram í umbótaáætlun fyrir það ár. Þetta er m.a. :

- Að endurmat verði unnið með markvissari og mælanlegri leiðum
- Að útinám verði sá hornsteinn í skólastarfinu eins og tilgreint er í skólanámskrá
- Að niðurstöður Hljóm 2 prófsins séu í samræmi við viðmið Kópavogsbæjar
- Að auka foreldrasamstarf og skerpa á tengslum milli heimilis og skóla
- Að auka frekar gæði samskipta starfsmannahópsins